



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 28. febrúar 2023

ITR23020048

Borgarráð
Ráðhúsinu

Reykjavíkurskákmót

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráði 28. febrúar 2023 voru samþykkt drög að samningi við Skáksamband Íslands til tveggja ára, 2023 og 2024 vegna Reykjavíkurskákmóts.

Í fjárhagsramma ÍTR er gert ráð fyrir fjárveitingu vegna þessa samnings.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð vísaði samningnum til borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri

Hjálagt:
Samningur við Skáksamband Íslands

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd styrkveitandi annars vegar og Skáksamband Íslands kt. 580269-5409, hér eftir nefndur styrkþegi hins végars, gera með sér svohljóðandi

S A M N I N G

1. gr.

Til að styðja við kostnað af móttshaldi við Reykjavíkurskákmót mun styrkveitandi veita styrkþega árlegan styrk að fjárhæð kr. 3.700.000.- á tímabilinu 2023 til 2024. Samtals nemur fjárhæðin kr. 7.400.000.- á samningstímanum.

2.gr.

Styrkur styrkveitanda samkvæmt samningi þessum er veittur til stuðnings við Reykjavíkurskákmót árin 2023 og 2024.

3. gr.

Á öllu kynningarrefni styrkþega skal koma fram að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg. (hér slóð inn á merki Reykjavíkurborgar)

4. gr.

Við lok samningstímans skulu styrkþegar skila ítarlegri greinargerð til Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur hvernig styrknum var ráðstafað á hverju ári sem og ársreikningur eftir því sem við á. Skáksambandið skal árlega leggja fram yfirlit yfir iökendafjölda í skákhreyfingunni, eftir aldri og kyni. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

5. gr.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í febrúar á ári hverju og verður greiddur á reikning nr. 101-26-12763, kt. 580269-5409.

6.gr.

Gildistími samnings þessa er frá undirritun hans til 1. desember 2024. Hvor aðili um sig getur þó sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Greiðslur samkvæmt samningi þessum eru jafnframt háðar ákvörðunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

7. gr.

Ef sýnt þykir að framlag styrkveitanda hafi verið notað í öðrum tilgangi en samningur þessi eða væntingar styrkveitanda standa til, eða ef styrkþegar uppfylla ekki ákvæði samningsins að öðru leyti, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta að öllu leyti og rifta samningnum.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafa fullt umboð til að skuldbinda samningsaðila í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík, febrúar 2023.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Skáksambands Íslands.

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun:

Samþykkt í borgarráði